

venjulegs tilboðssafnanda felist heimild til þess að selja vörur umbjóðanda á þann hátt, sem stefnandi heldur fram að hjer hafi átt sjer stað, sjerstaklega þar sem vörurnar áttu að afhendast smátt og smátt á löngum tíma, enda viðurkent af stefnanda að verðhækkunar hafi verið von, er þöntunin var gerð. Eldri viðskifti stefnanda við firmað, fyrir milligöngu umboðsmannsins, voru og ekki þannig vaxin, að stefnandi hefði ástæðu til þess að treysta því, að umboðsmaðurinn hefði heimild til þess að skuldbinda firmað á þennan hátt. Svo verður það og að teljast ósamrýmanlegt venjulegri verslunartísku að stefnandi, hafi hann ætlað sjer veturinn 1924 að koma fram skaðabótaábyrgð á hendur firmanu, að hann þá heldur ekki fastar við kröfur sínar en hann gerði. Ekki einungis lætur hann hjáliða að gera ákveðna skaðabótakröfu á hendur firmanu heldur býðst til þess að gæta hagsmuna þess hjer og gerist umboðsmaður þess, án þess að tilkynna því hið minsta um, að hann telji til skuldar hjá því út af eldri viðskiftum.

Niðurstaða málsins hjer í rjettinum verður því sú, að sýkna hina stefndu fyrir hönd firmans af kröfum stefnanda í málinu og þar með fella löghaldið frá 15. maí úr gildi, en eftir málsatvikum þykir mega ákveða að málskostnaður falli niður, og ekki er ástæða til að taka til greina kröfu hinna stefndu um að sekta stefnanda fyrir óþarfa þrætu.

Miðvikudaginn 6. júní 1928.

Nr. 22/1928. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
gegn

Sveini Jónssyni (Jón Ásbjörnsson).

Brot á vegalögunum.

Dómur lögreglurjettar Suður-Múlasýslu 20. ág. 1927: Kærður Sveinn Jónsson greiði 20 króna sekt í rikissjóð innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella einföldn fangelsi í 2 daga.

Kærður greiði einnig allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það hefir verið upplýst fyrir hæstarjetti, að ríkissjóður hefir upphaflega lagt veg þann, er ræðir um í málinu, á sinn kostnað og hefir greitt þáverandi eiganda Egilsstaða borgun fyrir vegarstæðið og er þannig eigandi þess.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til ástæðna þeirra, er greinir í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi, ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsingin fyrir brot kærða ákveðst 50 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 5 daga einfalt fangelsi verði hún eigi greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Þvi dæmist rjett vera:

Kærði, Sveinn Jónsson, greiði 50 króna sekt í ríkissjóð innan 15 daga trá birtingu dóms þessa, en sæti ella 5 daga einföldu fangelsi. Svo greiði kærði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með eigin játningu kærða Sveins bónda Jónssonar á Egilsstöðum í Vallahreppi, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu, er sannað, að hann hafi,

Þriðjudaginn 21. júní þ. á. hindrað umferð Guðna Jónssonar bifreiðarstjóra um veg þann, er liggur frá vegamótum Fagradalsbrautar heim að Egilsstöðum, á þann hátt, að þegar Guðni, sem kom þann dag að Egilsstöðum með bifreið sína hafði lokið erindi sínu á Egilsstöðum og vildi halda þaðan aftur, hafði kærði hlaðið sleða á veginn svo að Guðni komst ekki af staðnum með bifreið sína, en áður hafði hann bannað Guðna umferð um veginn með bifreiðina. Gekk svo lengi dags að Guðni komst ekki um veginn með bifreiðina af tjeðum ástæðum, uns hreppstjóri Vallahrepps var tilkvaddur og ruddi hann síðan veginn. Kærði tjeður bifreiðarstjóri yfir þessum aðförum Sveins bónda og var síðan, að undangenginni rannsókn höfðað mál þetta af hálfu valdstjórnarinnar gegn kærðum fyrir brot á vegalögunum nr. 41 frá 1924.

Það er in confesso að vegurinn frá vegamótum Fagradalsbrautar um Egilsstaði að Lagarfljóti tilheyrir ekki neinum sjerstökum vegaflokki samkvæmt vegalögunum og hefir kærði haldið því fram að þetta sje »einkavegur fyrir Egilsstaði« og »geti umráðamaður jarðarinnar lokað umferð um veginn«. Á þetta verður ekki fallist, því ákvæði 40. gr. vegalaganna frá 4. júní 1924 taka einmitt til þeirra vega sem ekki teljast til neins vegaflokks og þá einnig til tjeðs vegarspotta, það því fremur sem hann er upphaflega lagður fyrir landssjóðsfje, tengir Fagradalsbrautina við aðallendingarstað vjelbátsins, sem annast flutninga á Lagarfljóti og liggur um hlaðið á Egilsstöðum, þar sem bæði er landsímastöð og póstafigreiðsla.

Kærður hefir því með því að hindra umferð um veg þennan, svo sem fyr greinir gerst brotlegur gegn 40. gr. vegalaganna, nr. 41 frá 4. júní 1924, sbr. 52. gr. og þykir refsing sú er hann hefir til unnið hæfilega ákveðin 20 kr. sekt, er renni í ríkissjóð. Sektin greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður 2 daga einföldu fangelsi. Þá ber og kærðum að greiða allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.